


Páll V. Bjarnason
Helga Maureen Gylfadóttir

Umhverfi Rafstöðvar og Ártúns

Húsakönnun



Reykjavík 2003

Minjasafn Reykjavíkur
Skýrsla nr. 100

Umhverfi Rafstöðvar og Ártúns

Húsakönnun:

Afmörkun svæðis:

Hitaveitustokkur að norðan, Sveinbjarnarlundur að austan,
eystri kvísl Elliðaár að sunnan og vestan.

Páll V. Bjarnason, arkitekt
Helga Maureen Gylfadóttir, sagnfræðingur

Reykjavík 2003

Minjasafn Reykjavíkur
Skýrsla nr. 100

Unnið í samráði við byggingarlistardeild Listasafns Reykjavíkur.

Unnið að beiðni Skipulagsfulltrúa Reykjavíkur
vegna deiliskipulagsvinnu.

Ljósmyndir: Helga Maureen Gylfadóttir, Minjasafni Reykjavíkur,
Páll V. Bjarnason, Minjasafni Reykjavíkur.

Kort: Björn Ingi Edvardsson, Skipulags- og byggingasviði Reykjavíkur.

© Árbæjarsafn Páll V. Bjarnason arkitekt,
deildarstjóri húsadeildar Minjasafns Reykjavíkur og
Helga Maureen Gylfadóttir sagnfræðingur.

Minjasafn Reykjavíkur – Árbæjarsafn
Skýrsla nr.100
Reykjavík 2003.
Öll réttindi áskilin.

Formáli

Hér fer á eftir könnun byggðar á staðgreinireiti **4.25** í Reykjavík, en hann afmarkast af hitaveitustokki að norðan, Sveinbjarnarlundi að austan og eystri hvísl Elliðaáa að sunnan og vestan. Húsakönnunin er unnin að beiðni Skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkur í samræmi við skipulagslög vegna gerðar deiliskipulags á svæðinu. Þessi reitur eru utan þess svæðis sem varðveisluskrá Reykjavíkur nær til, en það er svæðið innan Hringbrautar/Snorrabrautar. Húsin á reitnum voru byggð á árunum 1910 – 1992. Flest húsanna á svæðinu tilheyra Rafmagnsveitu Reykjavíkur og er gamla Rafstöðin helsti kjarninn á svæðinu. Ekki er um að ræða tæmandi sögulega úttekt á viðkomandi svæði, en þó er skoðað hvaða hús hafa verið byggð á svæðinu í gegnum árin og þau metin sem enn standa. Sú rannsókn er nauðsynleg til að átta sig á samhengi byggðarinnar og þróun svæðisins.

Við mat á varðveislugildi húsa hefur verið beitt svokallaðri SAVE-aðferð (Survey in Architectural Value in the Environment) sem gerð er grein fyrir í ritinu *Leiðbeiningar um gerð bæja- og húsakannana*, útgefin af Húsafriðunarnefnd ríkisins 1996. Þar er höfð til hliðsjónar dönsk SAVE-aðferð, þar sem lagt er mat á fjóra þætti; *byggingarlist, menningarsögulegt gildi, umhverfisgildi og upprunalega gerð*.

Varðveislugildi húsa byggist síðan á innbyrðis mati á vægi hvers þáttar og vega þar þyngst gildi byggingarlistar, menningarsögu og umhverfis. Einnig er stuðst við Húsverndarskrá Reykjavíkur, sem gefin var út sem þemahefti með Aðalskipulagi Reykjavíkur 1996 – 2016 (Húsvernd í Reykjavík, svæðið innan Snorrabrautar/ Hringbrautar). Þar sem húsverndarskráin er ekki að öllu leyti byggð á rannsóknum heldur á fyrirbyggjandi gögnum og úttekt byggðarinnar á staðnum, getur verið nauðsynlegt að gera breytingar eftir nákvæmari húsakönnun.

júní 2003,

Páll V. Bjarnason arkitekt,

deildarstjóri húsadeildar

Minjasafns Reykjavíkur - Árbæjarsafns.

Varðveislumat

Við mat á varðveislugildi byggðar er beitt svokallaðri SAVE-aðferð (Survey in Architectural Value in the Environment) sem gerð er grein fyrir í ritinu *Leiðbeiningar um gerð bæja- og húsakannana*, útgefnu af Húsafriðunarnefnd ríkisins árið 1996. Þar er höfð til hliðsjónar dönsk SAVE-aðferð, þar sem lagt er mat á fjóra þætti; *byggingarlist, menningarsögulegt gildi, umhverfisgildi og upprunaleg gerð*. **Varðveislugildi húsa** byggist síðan á innbyrðis mati á vægi hvers þáttar og vega þar þyngst gildi byggingarlistar, menningarsögu og umhverfis.

Einnig er stuðst við Húsverndarskrá Reykjavíkur, sem gefin var út sem þemahefti með Aðalskipulagi Reykjavíkur 1996 – 2016 (Húsvernd í Reykjavík, svæðið innan Snorrabrautar / Hringbrautar).

Til umfjöllunar eru staðgreinireitur **4.25** í Elliðárdal, það er umhverfi Rafstöðvarinnar og jarðarinnar Ártúns. Hann afmarkast af hitaveitustokki að norðan, Sveinbjarnarlundi að austan og eystri hvísl Elliðaáa að sunnan og vestan.

HÚSVERNDARSKRÁ REYKJAVÍKUR.

Varðveislumat húsa í ofangreindum staðgreinireiti:

MILLIGULUR FLOKKUR: Verndun svæða.

Gamla Rafstöðin


Íbúðarhús Rafstöðvarstjóra

Fjós og hlaða

Upprunaleg straumskiptistöð, án turnhúss frá 1952

APPELSÍNUGULUR LITUR: Hús sem byggð eru fyrir 1918.

Ártún.



Fyrsti eigandi Rafmagnsveita
Reykjavíkur

Hönnun Ókunnur

Upphafleg notkun
Klakhús



Upphafleg gerð

Tegund Timbur, bindingur
Klæðning Timbur
Þakgerð Mænisþak
Þakklæðning Bárújárn
Undirstöður

Útlit

Einlyft

Helstu breytingar

Hönnuðir breytinga

Saga

Frá fornu fari hefur verið mikil laxveiði í Elliðaánum. Nokkrum árum áður en Rafmagnsveitan tók til starfa við Elliðaárna hóf þáverandi bæjarstjóri, Knud Zimsen, að kaupa kviðpokaseiði frá klakstöð Árna Jónssonar í Alviðru í Ölfusi og setti hann þau í árna á vorin. Rafmagnsveitan hélt þessu starfi áfram til ársins 1932 að byggt var klakhús við vatnsgeyma Vatnsveitunnar. Þar var hægt að klekja út allt að 1.200 þúsund seiðum árlega. Tuttugum árum síðar hóf rafmagnsveitan tilraunir með seiðaeldi og var þá reist eldisstöð á austurbakka Elliðaánna með þróm og eldissturðum. Árið 1965 var nýtt klakhús við Ártún tekið í notkun.

Varðveislumat:

Listrænt gildi: Einföld skúrbygging.

Meningarsögulegt gildi: Lítið.

Umhverfisgildi: Lítið.

Upprunaleg gerð: Húsið er óbreytt.

Varðveislugildi: Ekki er gerð tillaga um sérstaka verndun þessa húss.

Fyrsti eigandi Rafmagnsveita
Reykjavíkur

Hönnun B.S.

Upphafleg notkun
Varastöð/Toppstöð



Upphafleg gerð

Tegund Steinsteyp
Klæðning
Þakgerð
Þakklæðning
Undirstöður

Útlit

Helstu breytingar

1963 Viðbygging
1972 Útlitsbreyting
1974 Útlitsbreyting

Hönnuðir breytinga

Eiríkur Einarsson arkitekt
Eiríkur Einarsson arkitekt
Páll Flygering

Saga

Á árunum 1944 til 1949 fóru fram athuganir á útvegum aukins afls til raforkuvinnslu og á auknu öryggi í rekstri stöðva Rafmagnsveitunnar. Urðu þessar athuganir til þess, að Rafmagnsveitan ákvað að láta reisa varastöð með gufukatli við Elliðaánnar. Jafnframt var stefnt að fullvirkjun Sogsins. Bæjarstjórn féllst á þessar tillögur og gerði samþykkt þar að lútandi árið 1945. Þegar var tekið að undirbúa byggingu varastöðvarinnar með eimhverfli og katli, sem kynda mætti með kolum eða olíu. Hafist var handa um byggingu 7500 kW stöðvar árið 1946, sem tók til starfa tveimur árum síðar. Stöðin notaði kælivatn úr Elliðaánum og var byggð þannig, að hún gat jafnframt því að vera varastöð og toppstöð fyrir Rafmagnsveituna, séð Hitaveitunni fyrir aukavatni og viðbótarhitun hitaveituvatnsins. Til er teikning af húsinu frá 1946 merkt B.S. Árið 1963 var samþykkt stækkun á húsinu og árið 1972 var gerð breyting á þakinu. Árið 1974 var gluggum á húsinu breytt og það klætt að utan með álplötum.

Varðveislumat:

Listrænt gildi: Síðfúnkísstíll.

Menningarsögulegt gildi: Nátengt sögu rafmagns á Íslandi.

Umhverfisgildi: Hefur ekki mikið gildi.

Upprunaleg gerð: Húsið er að mestu óbreytt.

Varðveislugildi: Ekki er gerð tillaga um sérstaka verndun þessa húss.

Fyrsti eigandi Rafmagnsveita
Reykjavíkur

Hönnun Guðjón Samúelsson
arkitekt

Upphafleg notkun
Rafmagnsveita Reykjavíkur



Upphafleg gerð

Tegund Steinsteyp
Klæðning Múrsléttað
Þakgerð Mænisþak
Þakklæðning Bárujárn
Undirstöður

Útlit

Helstu breytingar

1933 Viðbygging

Hönnuðir breytinga

Saga

Rafstöðin við Elliðaár var tekin í notkun árið 1921 og með tilkomu hennar fjórfaldaðist rafafli í landinu. Rafveitan var vígð þann 27. júní 1921 og opnuð til almennra afnota af hans hátign Kristjáni konungi X. og drottningu hans. Samtímis rafstöðinni var byggt íbúðarhús fyrir rafstöðvarstjóran og skömmu síðar hlaða og fjós með áfastri smiðju. Tveir verkfræðingar sáu um byggingaframkvæmdirnar við rafstöðina, Aage Broager Christensen og Guðmundur Hlíðdal. Að öllum líkindum teiknaði Guðjón Samúelsson, húsameistari, stöðvarhúsið. Árið 1933 var byggð viðbygging við vesturgafli hússins.

Húsið er teiknað í látlausum, nýklassískum stíl með stórum bogadregnum gluggum og allháu risi. Innandyra var húsið að mestu leyti stór, falletur salur þar sem vélasamstæður virkjunarinnar voru.

Varðveislumat:

Listrænt gildi: Nýklassík.

Menningarsögulegt gildi: Nátengt sögu rafmagns á Íslandi.

Umhverfisgildi: Húsið hefur mikið gildi fyrir umhverfið.

Upprunaleg gerð: Húsið er að mestu óbreytt.

Varðveislugildi: Gildi töluvert sökum byggingarlistar. Húsþyrpingin sem heild, það er rafstöðin, upphaflega straumskiptistöðin, íbúðarhús rafstöðvarstjórans, smiðjan, fjósið og hlaðan, er ótvírætt ein hin mikilvægasta í menningar- og byggingasögu Reykjavíkur. Lagt er til að öll þyrpingin njóti svæðisverndunar í milligulum lit skv. Húsverndarskrá Reykjavíkur.

Fyrsti eigandi Rafmagnsveita
Reykjavíkur

Hönnun Aage Broager Christensen
verkfræðingur

Upphafleg notkun
Íbúðarhús rafstöðvarstjóra



Upphafleg gerð

Tegund Steinsteypt
Klæðning Kalksléttað
Þakgerð Mænisþak
Þakklæðning Bárújárn
Undirstöður

Útlit

Tvílyft
Kjallari
Ris

Helstu breytingar

1975 Inngöngus./anddyri

Hönnuðir breytinga

Guðmundur Kr. Kristinsson
G. Halldórsson

Saga

Íbúðarhús fyrir rafstöðvarstjóra var byggt samtímis rafstöðinni. Tveir verkfræðingar sáum um byggingaframtækirnar við rafstöðina og umhverfi hennar. Það voru Aage Broager Christensen og Guðmundur Hlíðdal. Til er upprunaleg teikning af húsinu og er hún undirrituð af Aage Broager Christensen. Árið 1975 var byggt nýtt anddyri við húsið. Árið 1997 samþykkt að nýta húsið til funda- og námskeiðahalds og eftir það var ekki lengur búið í húsinu.

Varðveislumat:

Listrænt gildi: Nýklassík með sveitserívafi.

Menningsögulegt gildi: Nátengt sögu rafmagns á Íslandi.

Umhverfisgildi: Húsið hefur mikið gildi fyrir umhverfið.

Upprunaleg gerð: Húsið er óbreytt.

Varðveislugildi: Gildi töluvert sökum byggingarlistar. Húspyrpingin sem heild, það er rafstöðin, upphaflega straumskiptistöðin, íbúðarhús rafstöðvarstjórans, smíðjan, fjósið og hlaðan, er ótvírætt ein hin mikilvægasta í menningar- og byggingasögu Reykjavíkur. Lagt er til að öll þyrpingin njóti svæðisverndunar í milligulum lit skv. Húsverndarskrá Reykjavíkur.

Fyrsti eigandi Rafmagnsveita
Reykjavíkur

Hönnun Gunnlaugur Halldórsson
arkitekt

Upphafleg notkun
Aðveitustöð



Upphafleg gerð

Tegund Steinsteyp
Klæðning
Pakgerð Flatt þak
Pakklæðning
Undirstöður

Útlit

Helstu breytingar

1990 Atv.húsn. innr.

Hönnuðir breytinga

Ferdinand Alfredsson arkitekt

Saga

Húsið var byggt sem aðveitustöð og er til teikning af húsinu frá 1966. Þann 17. apríl 1990 var minjasafn Rafmagnsveitunnar opnað á efri hæð hússins. Í minjasafninu eru varðveittir og skrásettir munir sem verið hafa í notkun hjá Rafmagnsveitunni um lengri eða skemmri tíma og hafa fræðilegt eða sögulegt gildi fyrir atvinnusöguna. Orkuheimar, fræðslusetur Orkuveitu Reykjavíkur, eru starfræktir á neðri hæð Minjasafnsins. Þar fá grunnskólanemar fræðslu um ýmsa þætti íslenskra orkumála og spreyta sig á einföldum tilraunum, sem ætlað er að dýpka skilning þeirra á eðli rafmagnsins.

Varðveislumat:

Listrænt gildi: Síðfúnkísstíll.

Menningarsögulegt gildi: Nátengt sögu rafmagns á Íslandi.

Umhverfisgildi: Hefur ekki mikið gildið fyrir umhverfið.

Upprunaleg gerð: Húsið að mestu óbreytt.

Varðveislugildi: Ekki er gerð tillaga að sérstakri varðveislu hússins.

Fyrsti eigandi Rafmagnsveita
Reykjavíkur

Hönnun Ókunnur

Upphafleg notkun
Hlaða



Upphafleg gerð

Tegund Timbur, bindingur
Klæðning Bárújárn
Þakgerð Mænisþak
Þakklæðning Bárújárn
Undirstöður

Útlit

Einlyft

Helstu breytingar

Hönnuðir breytinga

Saga

Tveir verkfræðingar sáum um byggingaframkvæmdirnar við rafstöðina og umhverfi hennar. Það voru Aage Broager Christensen og Guðmundur Hlíðdal. Hlaðan var byggð árið 1932 en þó sem bráðabirgðaskýli.

Árið 1995 sótti Rafmagnsveita Reykjavíkur eftir því að rífa hlöðuna en lagðist Árbæjarsafn gegn því.

Hlaðan er hluti þeirrar upprunalegu byggðar, sem nauðsynleg þótti, til að gera virkjun Elliðaánna sem farsællegasta.

Árið 1998 var sett upp óeinangrað geymsluhús, opið skýli og tveggja metra hátt grindverk, allt úr timbri og stáli á lóðinni númer 10 til 12.

Varðveislumat:

Lístrænt gildi: Einfalt timburhús.

Menningsögulegt gildi: Nátengt sögu rafmagns á Íslandi.

Umhverfisgildi: Húsið hefur mikið gildi fyrir umhverfið.

Upprunaleg gerð: Húsið er að mestu óbreytt.

Varðveislugildi: **Húspyrpingin sem heild, það er rafstöðin, upphaflega straumskiptistöðin, íbúðarhús rafstöðvarstjórans, smíðjan, fjósið og hlaðan, er ótvírætt ein hin mikilvægasta í menningar- og byggingasögu Reykjavíkur. Lagt er til að öll þyrpingin njóti svæðisverndunar í milligulum lit skv. Húsverndarskrá Reykjavíkur.**

Fyrsti eigandi Þorbjörn Finnsson
Jóna Jónsdóttir

Hönnun Ókunnur

Upphafleg notkun
Íbúðarhús



Upphafleg gerð

Tegund	Timbur, bindingur
Klæðning	Pappi
Pakgerð	Mænisþak
Pakklæðning	Pappi
Undirstöður	

Útlit

Einlyft
Ris
Kjallari

Helstu breytingar

Hönnuðir breytinga

Saga

Ekki er vitað hvenær farið var að búa í Ártúni, en þess er getið í máldögum árið 1379 og er þá talið í eigu Neskirkju. Árið 1906 keypti Reykjavíkurbær bæina Árbæ, Breiðholt, Selás og Ártún í sambandi við áætlanir um að taka neysluvatn úr Elliðaánum fyrir þéttbýli í Reykjavík. Bauð bærinn Þorbirni og Jónu að setjast að í Ártúni. Þar voru fyrir mjög hrörleg hús og hófust þau strax handa við byggingu núverandi húsa. Íbúðarhúsið að Ártúni svipar mjög til húsa sem byggð voru austur um sveitir eftir jarðskjálftann mikla árið 1896. Þau eru nú flest horfin af sjónarsviðinu. Allt þar til Elliðaárnar voru brúaðar árið 1883 lá þjóðleiðin til og frá Reykjavík um tún Ártúns. Í Ártúni var ferðamönnum seldur viðurgerningur og var það vinsæll áningastaður.

Varðveislugildi íbúðarhússins er mikið, bæði vegna þess að það er síðasti hlekkurinn í byggingasögu býlisins (líklega frá því skömmu eftir landnám) og einnig vegna staðsetningar þess í Elliðaárdalnum þar sem það minnir á þróunar- og byggingasögu Reykjavíkur, á vinsælasta útivistarsvæði Reykvíkinga. Einnig ber að minna á að ekki má raska jarðvegi á núverandi lóð Ártúns án vitundar Árbæjarsafns, þar sem að öllum líkindum eru miklar minjar þar í jörðu.

Húsið var fyrst virt árið 1929. Það ár var einnig virt á lóðinni skúr. Næst kjallara íbúðarhússins sem þessi skúr var byggður við var fjós. Heyhlaða var í miðri byggingunni og í endanum voru fjárhús.

Varðveislumat:

Listrænt gildi: Einfalt bárujárnshús.

Menningsögulegt gildi: Tengist sögu upphafi byggðar á svæðinu.

Umhverfisgildi: Húsið hefur mikið umhverfisgildi.

Upprunaleg gerð: Húsið er að mestu óbreytt.

Varðveislugildi: Allar breytingar á húsinu eru háðar lögum um húsafríðun nr. 104/2001 vegna aldurs.

Fyrsti eigandi Rafmagnsveita
Reykjavíkur

Hönnun Ókunnur

Upphafleg notkun
Fjós



Upphafleg gerð

Tegund Steinsteyp
Klæðning Múrsléttað
Þakgerð Mænisþak
Þakklæðning Bárujárn
Undirstöður

Útlit

Einlyft

Helstu breytingar

Hönnuðir breytinga

Saga

Samtímis rafstöðinni var byggt íbúðarhús fyrir rafstöðvarstjórnann og skömmu síðar smiðja, sem áföst var við fjós. Tveir verkfræðingar sáum um byggingafrákvæmdirnar við rafstöðina og umhverfi hennar. Það voru Aage Broager Christensen og Guðmundur Hlíðdal.

Árið 1998 var sett upp óeinangrað geymsluhús, opið skýli og tveggja metra hátt grindverk, allt úr timbri og stáli á lóðinni númer 10 til 12.

Varðveislumat:

Listrænt gildi: Einfalt steinsteypuhús.

Menningarsögulegt gildi: Nátengt sögu rafmagns á Íslandi.

Umhverfisgildi: Húsið hefur mikið gildi fyrir umhverfið.

Upprunaleg gerð: Húsið er að mestu óbreytt.

Varðveislugildi: **Húsþyrpingin sem heild, það er rafstöðin, upphaflega straumskiptistöðin, íbúðarhús rafstöðvarstjórnans, smiðjan, fjósið og hlaðan, er ótvírætt ein hin mikilvægasta í menningar- og byggingasögu Reykjavíkur. Lagt er til að öll þyrpingin njóti svæðisverndunar í milligulum lit skv. Húsverndarskrá Reykjavíkur.**

Fyrsti eigandi Rafmagnsveita
Reykjavíkur

Hönnun Ferdinand Alfredsson,
Guðm. Kr. Kristinsson

Upphafleg notkun
Aðveitustöð



Upphafleg gerð

Tegund Steinsteyp
Klæðning
Pakgerð
Pakklæðning
Undirstöður

Útlit

Helstu breytingar

Hönnuðir breytinga

Saga

Árið 1990 var aðveitustöðinni að Rafstöðvarvegi 9 breytt í Minjasafn og var ný aðveitustöð byggð árið 1994. Leyfi var veitt fyrir byggingu hússins árið 1992. Teikningar gerðu Ferdinand Alfredsson og Guðmundur Kr. Kristinsson. Reynir Vilhjálmsson landlagsarkitekt hannaði frágang lóðarinnar. Nýjan stöðin fékk sama nafn eða aðveitustöð 5. Með byggingu hússins var útvirkið sem stóð við hliðina á Rafstöðuvegi 14 flutt þar inn.

Varðveislumat:

Listrænt gildi: Síðfúnkísstíll.

Menningarsögulegt gildi: Nátengt sögu rafmagns á Íslandi.

Umhverfisgildi: Hefur ekki mikið gildi fyrir umhverfið.

Upprunaleg gerð: Húsið er óbreytt.

Varðveislugildi: Ekki er gerð tillaga að sérstakri varðveislu hússins.

Fyrsti eigandi Sogsvirkjun við Elliðaár

Hönnun Sigurður Guðmundsson
arkitektUpphafleg notkun
Straumskiftistöð

Upphafleg gerð

Tegund	Steinsteypt
Klæðning	Múrsléttað
Þakgerð	
Þakklæðning	Pappi
Undirstöður	

Útlit

Tvílyft
Ris
Kjallari
Turn

Helstu breytingar

1943	Viðbygging
1952	Viðbygging
1976	Útlitsbreyting

Hönnuðir breytinga

Sig. Guðmundsson	arkitekt
Eiríkur Einarsson	arkitekt
Guðm. Kr. Kristinsson	arkitekt
G. Halldórsson	arkitekt

Saga

Þessi spennistöð stendur austan við rafstöðina frá 1921. Húsið var byggt þegar Sogið var virkjað. Húsið var virt árið 1937 og var þá aðal húsið, tvær viðbyggingar og turnbygging. Árið 1943 er byggt við húsið og árið 1952 var reistur turn til viðgerða fyrir háspennuspenna. Árið 1976 var turninn frá 1952 klæddur með húðuðum plötum.

Varðveislumat:

Listrænt gildi: Fúnkísstíll.

Menningarsögulegt gildi: Nátengt sögu rafmagns á Íslandi.

Umhverfisgildi: Húsið hefur mikið gildi fyrir umhverfið.

Upprunaleg gerð: Húsið er að mestu óbreytt en byggt hefur verið við það.

Varðveislugildi: Gildi töluvert sökum byggingarlistar. Turninn að austanverðu er til lýta og er lagt til að hann verði fjarlægður. Húspyrpingin sem heild, það er rafstöðin, upphaflega straumskiptistöðin, íbúðarhús rafstöðvarstjórans, smiðjan, fjósið og hlaðan, er ótvírætt ein hin mikilvægasta í menningar- og byggingasögu Reykjavíkur. Lagt er til að öll þyrpingin njóti svæðisverndunar í milligulum lit skv. Húsverndarskrá Reykjavíkur.

Fyrsti eigandi Íþróttá- og
tómstundaráð

Hönnun Leifur Gíslason
byggingafræðingur

Upphafleg notkun
Snyrting og kaffistofa



Upphafleg gerð

Tegund	Timbur, bindingur
Klæðning	Timbur
Þakgerð	Valmaþak
Þakklæðning	Bárujárn
Undirstöður	

Útlit

Helstu breytingar

Hönnuðir breytinga

Saga

Ártúnsbrekka hefur lengst af 20. öldinni verið notuð til skíðaiðkana. Árið 1992 var sett þar togbraut. Í tengslum við togbrautina var reist lítið hús frá Íþróttá- og tómstundaráði Reykjavíkur árið 1993. Einnig stendur þarna gámur frá sama aðila. Í kringum ÍTR- húsið og gáminn hefur hólnum verið raskað lítillega.

Varðveislumat:

Listrænt gildi: Skúrbygging.

Menningarsögulegt gildi: Tengist sögu skíðaiðkunar í Reykjavík.

Umhverfisgildi: Hefur lítið gildi.

Upprunaleg gerð: Húsið er óbreytt.

Varðveislugildi: Ekki er gerð tillaga að sérstakri varðveislu hússins.

Heimildaskrá

Óprentaðar heimildir:

Árbæjarsafn (Ábs):

Byggðar lóðir í Reykjavík.
Húsaskrá Reykjavíkur.
Kortasafn.

Borgarskjalasafn (BsR):

Aðf. 723-724. Brunatrygging húsa 1874-1895.
Aðf. 734-748. Brunabótavirðingar.
Aðf. 751-757. Brunatrygging húsa 1896-1943.
Aðf. 3374. Götunöfn og húsanúmer 1914-1960.
Skjöl byggingarfulltrúa. (B) fyrir Rafstöðvarveg og Elliðaárdal.

Byggingarfulltrúi Reykjavíkur (Byggf. í Rvk.):

Innlagðar teikningar.

Prentaðar heimildir:

Aðalskipulag Reykjavíkur 1962-83. Reykjavík 1966.

Aðalskipulag Reykjavíkur 1984-2004. Unnið af Borgarskipulagi Reykjavíkur.
Reykjavík 1988.

Byggingareglugerðir og lög 1839, 1844, 1894, 1903, 1904, 1915, 1924, 1964.

Bjarni F. Einarsson, Helgi M. Sigurðsson og Nikulás Úlfar Mátsson: *Borgarhluti 7. Árbær. Byggingar og minjar*. Skýrslur Árbæjarsafns 48. Reykjavík 1995.

Leiðsögn um íslenska byggingarlist. Ritstjórn: Dennis Jóhannesson, Albína Thordarson, Málfríður Kristjánsdóttir og Sigríður Ólafsdóttir. Reykjavík 2000.

Páll Línal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund. Saga og sérkenni höfuðborgarinnar í máli og myndum, 1.-3. bindi*. Reykjavík 1988.

Rafmagnsveita Reykjavíkur: *Rafmagnsveita Reykjavíkur 1921- 27. júní – 1971*. Reykjavík 1971.

Saga Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Fylgirit 1 með ársskýrslu Sambands íslenskra rafveitna 18. ár 1960. Reykjavík 1961.